

# Leikskóli Seltjarnarness

## Starfsáætlun

2014 - 2015

### Gildi Leikskóla Seltjarnarness



### September

Skipulagt leikskólastarf hefst eftir aðlögun nýrra barna og starfsmanna. Ómur söngs og tónlistar heyrir um allt hús þegar Ólöf María tónlistarkennari kemur aftur til starfa eftir sumarleyfi.

*Þema í sept./okt./nóv. „Ég og fjölskylda mín“*

- 4. sept. Tónlistarstundir hefjast í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- 12. sept. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 16. sept. Dagur íslenskrar náttúru.  
Dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar. Felst í þessu viðurkenning á framlagi Ómars til náttúruverndar og almenningsfræðslu um mikilvægi íslenskrar náttúru.
- 15.-26. sept. Fjölmenningarvikur. Þá er lesið, spjallað, hlustað á tónlist og rýnt í menningu hinna ýmsu þjóða sem börn og fullorðnir í leikskólanum koma frá. Þjóðfánar þeirra eru sýnilegir við hverja deild.
- 26. sept. Samsöngur í sal í tilefni Evrópska tungumáladagsins 26. sept. Sungin verða lög á tungumálum starfsmanna og barna af erlendum uppruna í leikskólanum.

*Á hverjum föstudagsmorgni fram á vor er fagnaðarfundur í sal sem deildir skólans skiptast á að undirbúa og stýra. Auglýst sérstaklega þegar foreldrum og aðstandendum er boðið. Í lok september eru kartöflur og grænmeti tekin upp úr matjurtarbeiðum sem allir fá að njóta.*

### Október

*Aðalfundur foreldrafélagsins og kynning á vetrarstarfi leikskólans.*

*Nemendur 1. bekkja Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn í leikskólann.*

- 7. okt. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María, tónmenntakennari stjórnar.
- 15. okt. Börn á Odda og Skála fara í Hreyfiland einu sinni í viku í sex skipti.
- 16. okt. Brúðuleikhús um Einar Áskel í boði foreldrafélagsins.
- 21. okt. Slökkviliðsmenn koma í heimsókn og fræða elstu börnin um eldvarnir o.fl.
- 20.-31. okt. Gular vikur í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á gula litinn.
- 27. okt. Alþjóðlegur bangsadagur. Börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann.

## Nóvember

*Nemendur úr Mýrarhúsaskóla koma og lesa fyrir börnin.*

*Nemendur í Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri.*

- 4. nóv. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 7. nóv. Baráttudagur gegn einelti (8.nóv.) Bjöllum hringt á hólnum til áréttingar um að allir eiga rétt á að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt.
- 10. og 11. Skipulags dagar - leikskólinn lokaður.
- 3.-14. nóv. Áhersla lögð á íslenskt mál bæði mælt og ritað. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember á fæðingardegum Jónasar Hallgrímssonar. Dagskrá verður í sal 14. nóv., börnin syngja og flytja ljóð eftir hann sem þau hafa lært í tilefni dagsins.
- 17.-28. nóv. Rauðar vikur í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á rauða litinn.
- 28. nóv. Samsöngur í sal. Byrjað að syngja jólalögin.

## Desember

Það styttest í aðventuna með tilheyrandi jólaundirbúningi. Í desember fellur hefðbundið starf niður, lögð er áhersla á að skapa rólegt andrúmsloft og njóta friðsældar á aðventu.

- 2. des. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 8.-12. des. Kaffihúsavika - Deildir fara til skiptis í Vallarhús þar sem Valdi tekur á móti okkur, boðið verður uppá kakó, kleinur og sögustund.
- 11. des. Stekkjastaur kemur til byggða.
- 18. des. Litlu jólin. Dansað í kringum jólatré, jólasveinn kemur í heimsókn. Börn í Mýrarhúsaskóla koma og taka þátt með börnunum á Holti.

*Jólatónleikar í Tónlistarskóla Seltjarnarness.*

*Kirkjuheimsókn, ráðstafanir gerðar ef óskað er eftir því að börn fari ekki til kirkju.*

## Janúar

Pema í jan./feb./mars „sögur og ævintýri“

Börn á Mýri og Nesi fara í Hreyfiland einu sinni í viku í sex skipti.

- 6. jan. Prettándinn, samsöngur í sal þar sem jólin eru kvödd.
- 12. jan. Undirbúningur fyrir Þorrablót hefst.
- 19.-30. jan. Bláar vikur í Mánabrekku og Holti.
- 23. jan. Bóndadagskaffi - Þorri byrjar og karlmenn velkomnir í morgunkaffi. Sameiginlegt borðhald þar sem því er við komið.

*Foreldraviðtöl verða tekin á vorönn, foreldrar eru boðaðir skriflega.*

*Börn fædd 2009 fara í heimsókn í skólaskjól Mýrarhúsaskóla.*

### Febrúar

- 3. feb. Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 6. feb. Dagur leikskólans - við gerum okkur dagamun.
- 16. feb. Bolludagur - fiskibollur í hádeginu og rjómabollur síðdegis að íslenskum sið.
- 17. feb. Sprengidagur - í hádeginu er boðið upp á saltkjöt og baunir samkvæmt hefðinni.
- 18. feb. Öskudagur - furðufataball - leikrit í flutningi kennara og starfsfólks - opið á milli deilda.
- 20. feb. Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.
- 27. feb. Konudagskaffi. Í tilefni konudagsins 22.febrúar er konum boðið í kaffi.

*Í lok febrúar fara börn fædd 2009 aftur í heimsókn í Mýrarhúsaskóla, skoða skólann m.a. bókasafnið og skólaskjól.*

### Mars

- 3. mars Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 16.-27. mars Stærðfræði- og vísindavikur í Sólbrekku.

*Börn í 1. bekk Mýrarhúsaskóla koma í heimsókn.*

*Nemendur úr Tónlistarskóla Seltjarnarness koma í heimsókn og leika á hljóðfæri*

### Apríl

Vetur kveður, sumardagurinn fyrsti, elsti hátíðisdagur Íslendinga rennur upp. Áhersla á umhverfismennt, gróðursetningu og útveru eru meginviðfangsefni á vorönn.

*Þema í apríl/máí/júní „Náttúran“*

- 7. apríl Sameiginleg söngstund í Mánabrekku - Ólöf María tónmenntakennari stjórnar.
- 20.-30. apríl Grænar vikur í Mánabrekku og Holti - áhersla lögð á græna litinn og forræktun ýmissa jurta hefst.  
Degi umhverfisins verður fagnað með ýmsu móti þessa viku en **25. apríl** er fæðingardagur Sveins Pálssonar (1762) fyrsta íslenska náttúrufræðingsins sem fyrstur orðaði á íslensku þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.

*Í apríl fara börn fædd 2009 í þriðja skipti í Mýrarhúsaskóla. Í þetta sinn heimsækja þau 1. bekkina í skólastofum þeirra. Þau taka þátt í einni kennslustund og fá afhenta bók með verkefnum sem þau vinna í. Börnin hafa með sér nesti og fara með öðrum nemendum út í frímínútur.*

## Maí

*Í maí er „vorfagnaður“ á öllum deildum - foreldrum og aðstandendum er boðið að hlýða á söng og sjá hluta af vinnu nemenda. Dagsetningar auglýstar síðar.*

15. maí Skipulagsdagur - leikskólinn lokaður.

*Útskriftarferð elstu barnanna - farið verður að Úlfjótavatni.*

*Útskriftarhátíð barna fædd 2009 í Félagsheimilinu, foreldrar, ömmur, afar og systkini velkomin.*

*Vorferð með börn fædd 2012 í Húsdýragarðinn.*

*Sveitaferð að Bjarteyjarsandi með börn fædd 2010.*

*Umferðarskólinn verður í boði fyrir elstu börnin.*

*Í lok maí og byrjun júní eru kartöflur, grænmeti, kryddjurtir og blóm sett niður.*

## Júní

*Útival alla föstudaga í júní.*

*„Krakkahestar“ koma í heimsókn í boði foreldrafélagsins.*

*Foreldrafélagið heldur sína árlegu fjölskylduhátíð í samstarfi við kennara og starfsfólk leikskólans.*

5. júní Alþjóðlegi umhverfisdagurinn - moltutunnur tæmdar í trjábeðin og hlúð að gróðri.

15.-19. júní Áhersla lögð á jafnréttisfræðslu. Á kvennréttindardaginn 19. júní er „Bleikur dagur.“

*Vorferð með börn fædd 2011 í Reykjanesbæ. Þar verður Skessan heimsótt og farið í skógarferð í Sólbrekkur.*